

Ár 2002, föstudaginn 29. nóvember, er í Áfrýjunardómstól GSÍ í málinu nr. 1/2002:

Suphit Donkanha

gegn

Júlíusi Rafnssyni

f.h. stjórnar Golfsambands Íslands

kveðinn upp svofelldur

**úrskurður:**

Í máli þessu er með áfrýjun dagsettri 1. júlí 2002 áfrýjað úrskurði Dómstóls GSÍ í ofangreindu máli sem kveðinn var upp 24. júní 2002. Í áfrýjuninni er þess krafist að Áfrýjunardómstóll GSÍ ógildi úrskurðinn og vísi málinu aftur til Dómstóls GSÍ til efnislegrar meðferðar.

Í kæru þeirri sem Dómstóll GSÍ tók til meðferðar var gerð sú krafa að dómstóllinn úrskurðaði að stjórn GSÍ bæri að lagfæra þá formgalla sem henni varð á og úrskurða að nýju um meint brot forráðamanna NK á forgjafareglum samkvæmt lögum þeim sem í gildi voru þegar brotin voru framin þann 21. maí 1998.

Varnaraðili krefst þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur.

Í niðurstöðu Dómstóls GSÍ kemur fram: "Stjórn Golfsambands Íslands starfar eftir lögum sambandsins eins og þau eru á hverjum tíma. Almennt verður dæmt eða úrskurðað í málum á grundvelli þeirra laga sem giltu þegar atburður átti sér stað. Þess ber þó að geta að nokkrar grundvallarbreytingar hafa verið gerðar á lögum Golfsambands Íslands frá því atburðir máls þessa gerðust árið 1998. Stjórn sambandsins hefur t.d. ekki lengur það úrskurðarvald sem eldri stjórnir höfðu t.d. á grundvelli b liðar 3. gr. og c. liðar 10. gr. eldri laga Golfsambands Íslands. Hvergi í nágildandi lögum Golfsambands Íslands er að finna sambærilegar heimildir til handa stjórn GSÍ að úrskurða eins og finna mátti í eldri lögum sambandsins. Stjórn Golfsambands Íslands ber að starfa eftir þeim lögum sem gilda á hverjum tíma. Stjórninni er ekki heimilt að úrskurða á grundvelli nágildandi laga. Þó svo að meginreglan sé að dæma/úrskurða skuli á grundvelli þeirra laga sem giltu þegar atburður gerðist verður stjórnvald að hafa dóms/úrskurðarvald. Fyrri stjórnir Golfsambandsins höfðu slikt vald en ekki sú er nú situr. Stjórn Golfsambands Íslands hefur því enga heimild til að kveða upp úrskurð í kærumáli þessu."

Eins og fram kemur í forsendum hins áfrýjaða úrskurðar hefur núverandi stjórn Golfsambands Íslands ekki úrskurðarvald skv. núgildandi lögum og er því óhjákvæmilegt þá þegar af þeirri ástæðu að vísa kröfum áfrýjanda frá Dómstóli GSÍ.

Sigurður Geirsson, alþjóðadómari í golfi, Þórir Bragason, landsdómari í golfi og Helgi Bragason, héraðsdómslögmaður, kjörnir varamenn í Áfrýjunardómstóli GSÍ kveða upp úrskurðinn.

**Úrskurðarorð:**

**Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.**



Sigurður Geirsson



Þórir Bragason



Helgi Bragason